

Vinátta

Stuðlaðu að góðum samskiptum og vináttu í skóla barnsins þíns

Ráð til foreldra

- 1** **Styðjið barnið í að leika við sem flest börn – bæði í skólanum og í frítímanum**
Það styrkir bekkjarandann og fyrirbyggir einelti þegar börnin fá tækifæri til að kynnast vel innbyrðis.
- 2** **Talið af jákvæðni um önnur börn, foreldra, kennara og aðra starfsmenn skólans**
Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna í orði og verki.
- 3** **Þjóðið öllum með**
Reynið að þjóða öllum bekknum – eða skiptið eftir kynjum eða öðru – þegar þið haldið upp á afmæli eða aðra viðburði og sjáið til þess að barn ykkar geti mætt þegar því er boðið.
- 4** **Hvetjið barnið til að grípa inn í ef einhver er órétti beittur.**
Börn sem hafa hugrekki til að segja frá og eru góð í að hjálpa og hugga aðra munu styrkjast og eflast.
- 5** **Sýnið stafrænum heimi barnsins áhuga**
Börn þurfa leiðsögn ykkar og stuðning hér sem annars staðar. Ræðið við þau um að sýna einnig umhyggju fyrir öðrum í stafrænum heimi.
- 6** **Leitið skýringa ef barnið er niðurdregið yfir einhverju**
Viðurkennið tilfinningar barnsins og hjálpið barninu að hugleiða hvort önnur börn gætu haft aðra upplifun af ágreiningi eða ósætti.
- 7** **Verið jákvæð, opin og sýnið áhuga þegar foreldrar leita til ykkar vegna barna sinna.**
Það auðveldar samskipti og skilning.

